

Mig langar til að hrósa og þakka fyrir aðstöðuna fyrir psoriasis sjúklinga í Lækningalindinni.

Ég er búin að vera með psoriasis helming ævinnar eða í 25 ár og ég hreinlega get ekki hugsað tilhugsunina til enda ef þessarar aðstöðu hefði ekki notið við. Ég er búin að nýta mér þessa aðstöðu frá því að við vorum í litla húsinu og upplifað lúxusinn við flutninginn yfir. ***Það að greinast með þennan ólæknandi og óútreiknanlegan sjúkdóm var mikið áfall fyrir unga konu og orð fá ekki lýst hversu mikið það hefur bætt líf mitt að geta náð að halda einkennum niðri með því að mæta í lónið og ljósin og geta þannig átt betra líf.***

Einnig vil ég hrósa því góða starfsfólki sem þar starfar og hefur alltaf tekið vel á móti manni og verið tilbúið að ráðleggja og leggja sitt af mörkum til að gera heimsóknina sem besta.

Takk fyrir mig.